

Ed.

370. Tillaga til þingsályktunar

um bættu aðstöðu til að vernda uppgötvanir íslenskra borgara.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota betur en verið hefur þekkingu íslenskra kunnáttumanna, sem starfa í þjónustu ríkisins, til að meta gildi uppgötvana, sem gerðar eru af íslenskum hugvitsmönnum og snerta íslenskt atvinnulíf.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós, í sambandi við hina merkilegu uppgötvun Guðjóns Samúelssonar húsameistara varðandi steining múrflata, að íslenska stjórnin hefur fram að þessu haft afar erfiða aðstöðu til að meta réttilega verk íslenskra hugvitsmanna, þó að þau snerti eingöngu íslenskt atvinnulíf. Hygg ég, að úr þessu megi bæta til verulegra muna frá því, sem nú er.

Þegar húsameistari ríkisins var að gera þjóðleikhúsbygginguna fokhelda eftir 1930, byrjaði hann þær merkilegu tilraunir, sem leiða til þess, að nú er það að verða algeng venja á Íslandi að klæða hina gráu, dauðu steinsteypu með litríkum íslenskum bergtegundum. Hann snýr sér með þessa uppgötvun til ríkisstjórnarinnar, og eftir gömlum sið, frá tímum danskrar yfirdrottnunar, sendir stjórnin málið til úrskurðar hjá dönsku einkaleyfastjórninni. Sú virðulega stofnun telur uppgötvunina ekki þess virði, að höfundur hennar sé veitt einkaleyfi. Íslenska ríkisstjórnin byggir á þessu og treystir sér ekki til að svara beiðninni játandi, þó að þjóðleikhúsið talaði sínu máli inni í miðjum bænum. Nokkru síðar sendir húsameistari beiðni til Danmerkur og Englands um einkaleyfi á uppgötvun þessari í báðum þessum löndum. Þá kemur annað hljóð í strokkinn. Einkaleyfisstjórnir beggja þessara landa veita húsameistara einkaleyfi í Danmörku og Englandi. Nú snýr húsameistari sér enn til ríkisstjórnarinnar íslensku. Tók hún vel í málið. En þá rísa upp nokkrir iðnaðarmenn í Reykjavík og hefja mikinn, en gersamlega órökstuddan áróður gegn því, að þessi íslenska uppgötvun yrði viðurkennd á Íslandi. Fæstir listamenn eru gefnir fyrir baráttu eins og þá, sem hér er um að ræða, og taldi húsameistari sér hentast að þola fremur órétt af löndum sínum heldur en halda málinu til streitu. Mér var nokkuð kunnugt um gang málsins og þótti það minnkun fyrir íslensku þjóðina, ef hún kynni miður en útlendir menn að meta það, sem vel er gert og frumlega hér á landi. Bauð ég húsameistara aðstoð mína að sækja málið á íslenskum vettvangi, og þáði hann það. Voru nú lögð að nýju fram gögn í málinu, og lauk því svo, að núverandi iðnmálaráðherra veitti leyfið. Átti hann flestum mönnum hægra með að dæma rétt þessa uppgötvun, þar sem hann hefur frá byrjun átt sæti í stjórn þjóðleikhússins og var vel kunnugt um, hve mikla þýðingu uppgötvun húsameistara hafði haft fyrir þá byggingu.

Ég álit, að saga þessa máls megi helzt ekki falla í gleymsku, heldur eigi hún að verða til þess, að íslenskum hugvitsmönnum veitist auðveldara en áður að njóta á eðlilegan hátt réttarverndar í sínu eigin landi.

Fylgiskjal I.

Ég undirritaður leyfi mér hér með að sækja til hins háa atvinnumálaráðuneytis um, að það veiti mér einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, sem ég hef fundið upp. Ég hef ekki sótt um einkaleyfi erlendis.

Hér með fylgir:

Tvírituð lýsing á uppgötvuninni á íslensku.

Yfirlýsing um varnarþing.

95 kr. í peningum.

Birting umsóknarinnar óskast frestað.

Reykjavík, 16. nóv. 1934.

Allra virðingarfullt

Guðj. Samúelsson.

Til atvinnumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Aðferð til utanhúðunar á steinsteypu.

Frá því að farið var að nota steinsteypu til húsbygginga og annarra mannvirkja, hefur það alltaf valdið miklum erfiðleikum að fá fallega, sterka og tiltölulega ódýra húðun á steypufletina að utan.

Ýmsar húðunaraðferðir hafa verið notaðar, og hafa þær reynzt misjafnlega.

Ein aðalaðferðin til utanhúðunar er að nota alls konar muldar bergtegundir í misjafnlega stórum kornum, og að blanda þeim í ýmis efni, sem hafa fengið einkaleyfi.

Hér á Íslandi hafa verið notaðar ýmsar af þessum blöndunaraðferðum, en allar hafa reynzt ófullkomnar, enda er veðurfar hér mjög hart. Húðin vill springa frá húðunarfletinum af því, að bindiefnið í húðuninni er annað en í steypunni.

Bergtegundir þær, sem notaðar eru í húðunina, eru, eins og fyrr er sagt, af margs konar gerð, en brotflöturinn á þeim flestum eða öllum verður ósléttur og safnast því ryk og óhreinindi í húðunina smám saman, og verður hún, þegar frá líða stundir, ekki til þeirrar þrýði, sem til var ætlað.

Með húðunaraðferð minni hef ég reynt að komast hjá ýmsum göllum á þeim húðunaraðferðum, sem hér hafa verið notaðar, skal þar til nefna, að bindiefnið sjálft er úr vanalegu sementi, og álit ég það tryggasta bindiefnið, ef vel er með farið, bæði hvað blöndunarhlutföllum og þykkt húðarinnar viðvikur, þessa gæti ekki hvað sízt, ef um harða veðráttu er að ræða. Aðferðin með hugmynd minni er mjög auðlærð, og er hverjum góðum múrara vorkunnarlaus að nota hana tilsagnarlaus, ef hann er nógu vandvirkur. Gert er ráð fyrir því, að notaðar séu sérstaklega harðar bergtegundir, t. d. hrafntinna og kvarz, vegna þess að þær standast mjög vel alls konar veður. Auk þess endurspeglast hrafntinnan vel, og mylsna og saggi nær ekki að festast á henni. Bergtegundirnar skal mylja í vélum, og er það ódýrast, þó má mylja þær með handafli, ef um lítið er að ræða. Verkfærin, sem nota þarf, eru mjög óbrotin. Aðalverkfærið er spaði, sem þrýstir kornunum í húðunarlagið, en í stað þessa spaða mætti jafnvel nota góða múrsleif, sérstaklega ef hún væri dálítið þynnt fram í oddinn.

Einkaleyfiskrafa.

1. Utan á steinsteypuna sé sett grófgerð húðun, og skal þess gætt, sérstaklega kringum glugga og önnur op, að húðunin sé bein og hafi rétt horn, eins og venja er til um gröfhúðun. Blandan sé 1 : 2½ (1 sement og 2½ sterkur skarpur sandur).

2. Þegar þessi húðun er orðin þurr, er sett annað húðunarlag utan á, og er seinni húðunin á þykkt 4 mm, en blandan er 1:2. Þessi seinni húðun er sett í einu á ekki stærra svæði en svo, að nægilegur tími vinnist til þess að setja steinkorn í hana áður en hún þornar. Húðunarfletirnir skulu settir þannig, að samskeytin milli þeirra myndi lóðrétta línu inn að undirhúðuninni.

3. Steinkornin séu að stærð frá 3 mm og allt að 30 mm, eftir því sem hver óskar, en 5 mm stærð er heppilegust. Ef stærri korn eru notuð, skal gera yfirhúðunina þykkari að sama hlutfalli, en slíkt veldur erfiðleikum, þar eð hætta er á, að hún renni til á veggnum, nema húðunarflöturinn sé mjög lítill.

4. Kornin séu gerð úr mjög hörðum steintegundum, einkum þeim, er brotna í flísnum. Má nota mismunandi steintegundir saman í ýmsum litum til þess að auka tilbreytni í útliti, t. d. hrafntinnu, kvarz og kalkstein, en einkum þó hrafntinnu, þar eð hún hefur bezt ljósbrot af öllum steintegundum, nema silfurbergi.

5. Kornin séu sett í steypuna á þann hátt, að þeim skal fyrst stráð á handfjöl og þess gætt, ef fleiri tegundir eru notaðar, að þeim sé vel blandað saman í réttum hlutföllum áður en þær eru settar á handfjölin. Skiptir litlu, þótt nokkur misbrigði verði á blönduninni, þar eð útlit veggflatar nýtur sín engu síður þrátt fyrir það. Handfjölin sé úr járn og eigi stærri en vanaleg múrsleif, og sé handfjölin mjög beygjanleg, svo hún rífi ekki upp korn úr steypunni. Þegar húið er að setja stein-

kornin á handfjölina, skulu þau dregin hægt eftir húðuninni og jafnframt þrýst inn í húðunina með hinum beygjanlega hluta handfjalarinnar.

6. Þegar steinkornin eru orðin föst í steypunni eftir nokkra daga, er húðunin öll þvegin vatni og jafnharðan á eftir þvegin saltsýrublöndu í hlutfalli 1 : 5, en þegar saltsýrublandan er komin á, skal húðunin enn að lokum þvegin vatni.

Guðj. Samúelsson.

Fylgiskjal III.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 16. maí 1935.

Eftir móttöku bréfs yðar, herra húsameistari, dags. 16. nóvember f. á., þar sem þér sækid um einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, hefur ráðuneytið leitað umsagnar Direktoratet for Patent- og Varemærkevæsenet m. v. um beiðni yðar, og fylgir hér með útdráttur úr bréfi þess, dags. 23. f. m., þar að lútandi.

Skal jafnframt tekið fram, að ráðuneytið sér ekki að svo stöddu ástæðu til að veita hið umbeðna einkaleyfi.

H. Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Til hr. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

Fylgiskjal IV.

GUÐJÓN SAMÚELSSON

húsameistari.

Reykjavík, 15. sept. 1939.

Leyfi mér virðingarfyllt að endursækja til hins háa ráðuneytis um einkaleyfi, dags. 16. nóv. 1934, á utanhúðun, samhljóða meðfylgjandi einkaleyfisbréfi mínu frá Danmörku um fyrrnefnda húðun.

Til frekari skýringar skal ég geta þess, að ég hef einnig sótt um einkaleyfi í Englandi á fyrrnefndri húðun, og nú fyrir tæpum mánuði fengið svar frá einkaleyfisstofnuninni þar, að mér væri veitt einkaleyfið þar, aðeins þyrfti ég litillega að breyta orðalaginu á umsókninni, og hef ég nú endursent umsóknina með orðabreytingunni.

Ég hef einnig sent sams konar umsóknarbeiðni til Noregs og fengið svar frá einkaleyfisstofnuninni þar, að umsókn mín skyldi bráðlega athuguð.

Virðingarfyllt

Guðjón Samúelsson.

Atvinnumálaráðuneytið.

Fylgiskjal V.

Statsarkitekt, Professor GUÐJÓN SAMÚELSSON,
Reykjavík, Island.

Fremgangsmaade til Behandling af Yderfladerne af Bygninger og andre Bygningsværker, navnlig af Beton.

Patet udstedt den 31. Juli 1939. Patenttiden løber fra den 19. Juni 1937.

Veð Bygninger af Beton har det været foreslaaet for at opnaa et mere livligt Udseende af Bygningens Yderflade at behandle det udvendige Pudslag paa forskellige Maader. Man har f. Eks. fundet paa at tilvejebringe Granulering ved i det endu friske

Mørtellag med stor Kraft at indskyde tørre Smaasten ved Hjælp af Trykluft eller paa anden Maade. Herved svulmer Dele af den endnu friske Mørtel ud over Overfladen af Mørtellaget og danner Granuleringer, medens Smaastene selv med deres naturlige Farve til Dels bliver synlige i Pudset.

Det har endvidere været benyttet paa en Bygnings Yderflader at paaføre en Blanding af Smaasten og Cementmørtel, hvorved Smaastene bliver fastholdt ved Hjælp af Mørtelen, men ved denne Fremgangsmaade vil det ligesom ved den ovenfor omtalte være saaledes, at største Parten af de benyttede Smaasten er dækket med et Lag af Mørtel, saa at det, dersom man ønsker, at alle Stenene skal træde rent frem, vil være nødvendigt at foretage Efterrensning ved Hjælp af Sandblæsning, Rensning med Saltsyre o. s. v.

Endelig har det været foreslaaet at opføre Bygninger ved Hjælp af Betonblokke eller Betonplader, der støbes, og som efter selve Støbningen dækkes med et Lag af Cementmørtel, i hvilket der indsættes Sten, enten større Sten, der anbringes enkeltvis, eller mindre Sten, der kan paaføres maskinelt.

Den foreliggende Opfindelse angaar en Fremgangsmaade til Behandling af Yderfladerne af Bygninger og andre Bygningsværker, navnlig af Beton, og gaar ud paa at tilvejebringe et Overfladelag, der dels giver Bygningens Yderflade et meget smukt Udseende, dels gør den modstandsdygtig over for kraftige klimatiske Paavirkninger, samtidig med at Fremgangsmaaden lader sig udføre let og med ringe Omkostninger, saa at den bliver praktisk anvendelig i stor Udstrækning.

Fremgangsmaaden ifølge Opfindelsen kendetegnes ved, at der paa den Flade, der skal behandles, anlægges et tyndt Pudslag paa et begrænset Areal ad Gangen, hvorefter der i det endnu plastiske Pudslag ved Hjælp af en tynd, elastisk Murske, et Haandbræt eller et lignende Redskab paaføres et Lag af Smaasten eller knuste Stenmaterialer af en Størrelse, Diameter, der er en Del større end Pudslagets Tykkelse, idet Stenene anbringes paa den vandret holdte Murske eller lignende, hvorefter denne med et hurtigt Tag føres imod Pudslaget til Indtrykning af Stenene i dette.

Ved de kendte Fremgangsmaader, hvor Smaasten slynges ind i Mørtellaget ad maskinel Vej, f. Eks. ved Hjælp af Trykluft, maa Mørtellaget være temmelig tykt for at kunne fastholde Stenene, og Mørtelen blæses under Indslyngningen af disse op af Lufftrykket, saa at ikke alle Stenene vil blive fastholdt paa tilfredsstillende Maade, og desuden bliver Overfladen ru. Som Følge af, at der anvendes et tykt Mørtellag, bliver Pudsen uholdbar over for Vejrligets Indvirkninger, navnlig store Temperatursvingninger.

Ved Anvendelsen ifølge Opfindelsen af et tyndt Pudslag, f. Eks. af 2—5 mm's Tykkelse, opnaas det, at de som Følge af Vejrliget, navnlig stærke Temperatursvingninger, opstaaende Spændinger i Pudslaget kan holdes paa en passende lav Størrelse, saa at de ikke giver Anledning til skadelige Revnedannelser. Ved et saadant tyndt Pudslag vilde Paaføring af Smaasten ad maskinel Vej paa den i og for sig kendte Maade, d. v. s. ved Indskydning med stor Kraft ved Hjælp af Trykluft eller paa anden Maade, ikke være hensigtsmæssig, idet Mørtelen i det tynde Lag derved vilde tvinges udad, saa at Underlaget delvis vilde blive blottet, og i større eller mindre Grad dække de indskudte Smaasten, ligesom det i det hele taget vilde være vanskeligt at faa Stenene placeret paa tilfredsstillende, passende jævnt fordelt Maade i det tynde Pudslag. Ifølge Opfindelsen paaføres Stenene derimod paa mere lempelig Maade ved Indtrykning med et Haandværktøj, der er saaledes beskaffent, f. Eks. ved af være i Form af en tynd og meget elastisk Murske, at de ved Paaføringen af en Portion Smaasten kan give efter paa en saadan Maade, at Værktøjets Kant ikke gnider paa og ødelægger nærliggende, forud med Smaasten forsynede Dele af Pudslaget, saaledes som det vilde risikeres ved Anvendelse af en almindelig, stiv Murske.

Behandling af et begrænset Areal ad Gangen sker, for at Pudsen ikke skal kunne naa at hærde for meget, inden Indtrykningen af Stenene finder Sted. For at sikre sig en god Fastholdelse af Stenene i det tynde Pudslag ogsaa ved Yderkanterne af

det paagældende Areal bør man afskære eller afslutte dette ved Snit, der gaar vinkelret paa den underliggende Flade. Herved undgaar man, at et frisk Lag Puds kan komme til at dække allerede delvis hærdnet Puds, nemlig ved de skraa Flader, der ellers normalt fremkommer ved Yderkanterne af et pudset Areal, hvorved Indtrykning og Fastholdelse af Stenene paa de paagældende Steder vilde vanskeliggøres eller hindres.

Fremgangsmaaden kan i øvrigt bringes til Udførelse paa følgende Maade.

Uden paa Betonen anlægges der først en almindelig grov Afpudsning, hvorved det nøje bør paases, at alle Kanter, specielt ved Vinduer og andre Aabninger, er lige og vinkelrette. Blandingsforholdet for Mørtelen kan passende være 1 : 2½.

Naar denne grove Puds er blevet tør, anlægges der med et sædvanligt Haandbræt endnu et Pudslag, hensigtsmæssigt af Cemeutmørtel i Blandingsforholdet ca. 1 : 2, og dette Pudslag gives en Tykkelse af f. Eks. 2—5 mm. Dette Pudslag anlægges som nævnt paa smaa Flader ad Gangen, og hver ny Flade skæres ved Afslutningen vinkelret ned til Grovpudslaget. Før hvert Pudslag faar Lejlighed til at blive haardt i nogen nævneværdig Grad, trykkes Smaasten eller smaatknuste Stenskarver af f. Eks. 3—8 mm's gennemsnitlig Diameter, afhængigt af Pudslagets Tykkelse, ind i Pudsens Størrelsen eller Diametren af Stenene bør være en Del større end Pudslagets Tykkelse, men dog ikke mere end ca. 1½ Gang denne, saa at altsaa ca. ⅔ af dem eller noget mere befinder sig inden for Pudslaget.

Smaastenen kan tilvejebringes ved Knusning og paafølgende Sigtning af Stenarter, der kan vælges efter Smag og Behag, hvorved dog forskelligt farvede Stenarter er at foretrække, for at Overfladen kan faa et livligere Udseende. De knuste Sten blandes i en Beholder i det ønskede Forhold med Hensyn til Farverne, hvorefter den Arbejder, der skal trykke Stenene ind i Pudsens, tager en Haandfuld af dem og strøer dem paa en tynd og elastisk Murske, som holdes vandret. Derpaa vendes Murskeen hurtigt i Haanden, og Stenene trykkes ind i Cementpudsens, hvori de derefter sidder fast.

Behandlingen kan herefter i og for sig betragtes som afsluttet, men dersom man ønsker Overfladen særlig fin og ren, kan man efter nogle Dages Forløb vaske hele Overfladen med en tynd Saltsyreopløsning, f. Eks. 1 : 5, og sluttelig efterskylle med Vand.

Som det fremgaar af det ovenfor anførte, er Fremgangsmaaden overordentlig let og derfor ogsaa billig at udføre, og foretagne Udførelser af Fremgangsmaaden har tillige vist, at det er muligt at opnaa en Overflade, der ikke blot er overordentlig smuk, men som desuden er meget holdbar, selv i meget barskt Klima.

Fremgangsmaaden er som nævnt navnlig beregnet til Bygninger af Beton, men kan ogsaa finde Anvendelse ved af andre Materialer opførte Bygninger, der udvendig afsluttes af et Pudslag.

Patentkrav.

1. Fremgangsmaade til Behandling af Yderfladerne af Bygninger og andre Bygningsværker, navnlig af Beton, ved at et Pudslag, hensigtsmæssigt af Cementmørtel, forsynes med Smaasten, der med deres naturlige Farve bliver synlige i Pudsens, kendetegnet ved, at der paa den Flade, der skal behandles, anlægges et tyndt Pudslag, f. Eks. paa 2—5 mm's Tykkelse, paa et begrænset Areal ad Gangen, hvorefter der i det endnu plastiske Pudslag ved Hjælp af en tynd, elastisk Murske, et Haandbræt eller et lignende Redskab paaføres et Lag af Smaasten eller knuste Stenmaterialer af en Størrelse, Diameter, der er en Del større end Pudslagets Tykkelse, idet Stenene anbringes paa den vandret holdte Murske eller lignende, hvorefter denne med et hurtigt Tag føres imod Pudslaget til Indtrykning af Stenene i dette.

2. Fremgangsmaade som den i Krav 1 angivne, kendetegnet ved, at det paa et begrænset Areal anlagte Pudslag ved Arealets Begrænsningslinier afskæres eller afsluttes ved vinkelret paa den underliggende Flade gaende Snit.

Fylgiskjal VI.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

27. janúar 1940.

Út af umsókn yðar, herra húsameistari, dags. 16. nóvember 1934, þar sem þér sækid um, að yður verði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, er yður hér með sent til umsagnar afrit af bréfi Murarameistarafélags Reykjavíkur, dags. 11. f. m., þar sem færð eru fram mótmæli gegn því, að yður verði veitt umbeðið einkaleyfi.

Þriðja hefti Tímarits iðnaðarmanna 1939 fylgir hér með, og óskast það endursent ráðuneytinu með svarinu.

F. h. r.
E. u.

Til hr. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

Fylgiskjal VII.

MÚRARAMEISTARAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 11. des. 1939.

Þann 13. október síðastliðinn var auglýst í Lögbirtingablaðinu umsókn nr. 73 frá Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins, um að honum verði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu.

Murarameistarafélag Reykjavíkur telur, að veiting einkaleyfis, svo sem um er beðið, kæmi í bága við lög nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, og leyfir sér því virðingarfullt að mótmæla því, að hið háa ráðuneyti veiti umsækjanda umrætt einkaleyfi, og eru mótmæli vor rökstudd með eftirfylgjandi:

Í 2. mgr. 4. gr. 4. tölulið fyrrnefndra einkaleyfislaga segir, að enginn megi fá einkaleyfi fyrir:

„... uppgötvunum, sem lýst hefur verið í riti, er almenningur hefur átt kost á að kynna sér, eða þær hafa verið hafðar um hönd hér á landi, sýndar á sýningu eða á annan hátt hafðar til sýnis almenningi, og eru þær uppgötvanir svo kunnar orðnar með þessum hætti, að þeir menn, sem vit hafa á, geta fært sér þær í nyt.“

Hér er því skýrt tekið fram, að ef aðferð eða uppgötvun sé orðin svo kunn vegna þess að henni hafi verið:

1. Lýst í riti,
2. hafðar opinberlega um hönd,
3. sýndar á sýningu eða
4. á annan hátt hafðar almenningi til sýnis, þannig að þeir, sem vit hafa á, geti notfært sér hana, skuli ekki veita einkaleyfi.

Ofanefnd fjögur atriði skulu nú tekin til meðferðar í sambandi við fyrrnefnda einkaleyfisumsókn.

Lýst í riti. Ekki mun mjög mikið hafa verið ritað um aðferð þessa, enda gerist þess ekki þörf, þar sem hún verður fljótt alkunn. Það síðasta, sem birzt hefur opinberlega á prenti um aðferð þessa, er grein í 3. hefti árgangs 1939 af Tímariti iðnaðarmanna, rituð af Kornelíus Sigmundssyni murarameistara, og fylgir eitt eintak af þessu hefti hér með.

Hafðar opinberlega um hönd. Aðferð sú, sem hér um ræðir, hefur verið notuð af murarameisturum í Reykjavík og víðar allt síðan fyrst var farið að nota hana hér fyrir 6—7 árum. Múrarar kynntust aðferð þessari ekki fyrst og

fremst af skrifum, heldur barst hún út milli þeirra þegar eftir að hún var tekin í notkun, enda er aðferðin svo auðveld og einföld, að hver múrari getur fyrirhafnarlaust tileinkað sér hana. Það má því vel segja, að þegar er fyrsta húsið hafði verið húðað utan á þennan hátt, hafi aðferðin verið á vitorði allra þeirra, sem við múraravinnu fást í bænum. Enda hefur fjöldi húsa í Reykjavík og víðar verið húðuð utan með aðferð þessari, og hafa langflestir þeirra, sem við múraraíðn fást, notað hana og sumir við byggingu margra húsa, og þarf ekki annað en ganga um götur Reykjavíkurbæjar til að sjá, að hér er farið með rétt mál. Slikur er fjöldi þeirra húsa, sem húðuð hafa verið utan á þann hátt, sem nú er beiðzt einkaleyfis á.

Sýnd á sýningu. Ekki er kunnugt um, að aðferð þessi hafi verið sýnd opinberlega á sérstakri sýningu.

Höfð til sýnis á annan hátt. Aðferð þessi hefur ekki verið höfð til sýnis á annan hátt en þann, að aðferðin hefur verið höfð um hönd svo árum skiptir af mörgum mönnum og engin launung á henni, og vísast um þetta mál til þess, sem að framan er sagt.

Af því, sem hér hefur verið fært fram, ætti að vera fullljóst, að ekki kemur til mála að veita Guðjóni Samúelssyni húsameistara einkaleyfi það, sem hann fer fram á skv. auglýsingunni í Lögbirtingablaðinu dags. 13. okt. sl.

En Múrarameistarafélagið vill einnig benda á, að auk þess, sem veitingin væri óheimil að lögum skv. þess álit, þá mundi hún einnig hafa skaðleg áhrif á byggingar í bænum. Veiting einkaleyfis á þessari útbreiddu aðferð mundi auka byggingarkostnað og ef til vill verða til þess að minnka notkun innlands efnis.

Einnig er ekki úr vegi að benda á, hver aðdragandi þess var, að aðferð þessi var tekin upp, eins og oss hefur verið skýrt frá því máli.

Þegar húið var að reisa þjóðleikhúsið, en eftir var að húða það að utan, kom fram uppástunga um að flytja inn erlent efni (kvarzmulning) til þess að nota á húsið. Út af þessu sneri Þorsteinn Briem, sem þá var ráðherra, sér til Sigurðar Guðmundssonar húsameistara, sem þá nýlega hafði reist tvö hús, sem kvarz hafði verið notað á, og baðst álits hans um, hvort nauðsynlegt væri að húða þjóðleikhúsið utan á annan hátt en almennt var tíðkað þá um hús í Reykjavík. Svaraði húsameistarinn því, að hann teldi það nauðsynlegt, en með því að mikið kostaði að flytja inn erlent efni til að húða utan svo stórt hús sem þjóðleikhúsið, þá væri reynandi að gera tilraunir með, hvort ekki væri hægt að notast við innlent efni með góðum árangri. Var það síðan gert, svo sem kunnugt er. Árangurinn af þessari uppástungu Sigurðar Guðmundsson er svo sá, að innlent efni hefur verið notað til húðunar á fjölda húsa í Reykjavík og víðar á landinu. Hefur það orðið til að gera húsin fegurri, og hægt hefur verið að spara nokkuð erlent efni. Þessi verkaðferð er nú orðin almenningsseign í landinu, og á að halda áfram að vera það.

Leyfum vér oss fyrir hönd Múrarameistarafélags Reykjavíkur, með skírskotun til þess, sem að framan er skráð, að itreka kröfuna um, að fyrirnefnd einkaleyfisbeiðni verði ekki tekin til greina.

Virðingarfyllt.

Í stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur.

Jón Bergsteinsson,
formaður.

Gísli Þorleifsson,
ritari.

Einar Jóhannsson.

Bergsteinn Jóhannesson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal VIII.

Í bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 27. jan. þ. á., er ég beðinn umsagnar um bréf Múrarameistarafélags Reykjavíkur, dags. 11. des. f. á., þar sem mótmælt er einkaleyfisbeiðni minni um aðferð á húðun utanhúss, og gef ég hér með umsögn og athugasemdir um fyrrnefnt bréf.

Svo sem kunnugt er, hef ég fyrir nokkrum árum gert byggingarfræðilega uppgötvun, sem verður jafnan talin mjög þýðingarmikill viðburður í byggingarsögu landsmanna.

Fram yfir síðustu aldamót var almennt álitid, að á Íslandi væri ekki til neitt byggingarefni nema grjót og torf. Hér voru ekki skógar, sem mátti nota til húsa-gerðar. Hér var ekki fundinn hentugur leir, sem nota mátti í brennda steina. Hér var ekki steinlím, hér var ekki járn, svo að notað væri.

Ísland virtist vera snauðast allra landa af byggingarefnum. Að lokum kom svo þekkingin á nútíma steinsteypu frá útlöndum. Þjóðin greip hana fegins hendi. En öll steinsteypa er dauðagrá að lit. Hverfi af slíkum húsum eru frábærilega ólistræn. Í stað gömlu torfbæjanna, sem sómdu sér vel í landslaginu, þó að þeir væru endingarlitlir og með marga aðra galla, var nú að koma húsa-gerð, sem virtist ætla að þrýsta byggingum landsins niður í þunglyndislega einhæfni. Til þess að bæta úr þessum göllum steinsteypunnar reyndu sumir húseigendur að mála hús sín. En það bætti lítið úr skák. Málningin var dýr, endingarlitil og þrátt fyrir allt mjög ólistræn.

Þannig stóðu málin 1933, þegar ég gerði þá uppgötvun að steina þjóðleik-húsið með litsterkum, fögrum og haldgóðum íslenskum steintegundum. Síðan hef ég fengið þá nauðsynlegu reynslu, sem með þurfti um varanleik þessarar aðferðar. Nú er sú sönnun fengin. Og tvær elztu menningarþjóðir álfunnar, Danir og Englendingar, hafa veitt mér einkaleyfi fyrir þessa uppgötvun í þessum tveim ríkjum. Frá Noregi hef ég fengið bréf í þá átt, að leyfið muni líka verða veitt þar.

Nú gerast þau undur, að nokkrir múrarar hér í Reykjavík telja sig þess umkomna að fella eins konar dómsúrskurð um það, að mér skuli ekki veitt einkaleyfi í mínu eigin landi, fyrir uppgötvun, sem er fullkomlega viðurkennd í Danmörku og Englandi, en hefur margfalt meiri jákvæða þýðingu hér á landi vegna fábreytni byggingarefnanna, og að nokkru leyti fyrir hugkvæmdarleysi og van-kunnáttu margra þeirra manna, sem fást við framkvæmd byggingarmála í landinu. Það er nú alls ekki deilt um gildi uppgötvunar minnar hér á landi. Strax og ég hafði steint þjóðleikhúsið, vakti fegurð þess almenna og að ég hyggt óskipta aðdáun. Síðan þá hef ég notað þessa aðferð með nýjum endurbótum við ýmsar opinberar byggingar. Auk þess hafa einstöku menn reynt að nota aðferðina, sumpart á ný steinhús, sumpart á gömul steinhús, og sumpart reynt að steina gömul timburhús. Langoftast hefur þessari iðju verið ábótavant, þegar menn notuðu aðferð mína í leyfisleysi og án minnar tilsagnar. En þrátt fyrir alla þessa galla hefur aðferðin að steina hús gerbreytt blænum á höfuðstað landsins og gefið von um, að Reykjavík geti með tímanum orðið fallelgri bær með listrænni tilbreytni í útliti húsanna.

Næst húseigendum græddi múrarastéttin mest á uppgötvun minni. Sú stétt hefur á undangengnum missirum fengið stórfé fyrir vinnu sína við að steina hús samkvæmt uppgötvun minni. Ef mér væri neitað um einkaleyfi á uppgötvun minni á Íslandi, sem ég veit að ekki verður, þá væri meiningin, að húseigendur, verkamenn og múrarar skyldu fá peningalega bætta aðstöðu fyrir skapandi hugsun mína, þekkingu mína og giftu við að leysa stórmál, sem þjóðin mun njóta góðs af á löngum ókomnum tíma, en ég engin laun eða viðurkenningu nema lúalegar árásir af hálfu manna, sem verma sig við þann eld, sem aðrir hafa tendrað og lagt að eldsneytið.

Aðalárásin á mig kemur ekki frá mönnum, sem hafa sérstaka fræðilega þekkingu um þessi efni, heldur kunna aðeins að vinna með aðferðum, sem aðrir hafa skapað. Það er stjórn Múrarameistarafélagsins í Reykjavík, sem segir ríkisstjórninni, að hún eigi nú að neita ósk minni um einkaleyfi á Íslandi.

Ég vil koma fram með þá einu afsökun, sem unnt er að bera fram fyrir þessa menn, að þeir hafa fyrst og fremst enga fræðilega þekkingu á einkaleyfisveitingum og hafa sennilega ekki vitað, er þeir rituðu bréf sitt, að einkaleyfisstjórnir Danmerkur og Englands voru búnar skjállega að viðurkenna uppgötvun mína. Ég vil ekki gera ráð fyrir því, að stjórn múrarameistarafélags í Reykjavík húist við, að hún geti um þessi málefni orðið hærra dómstig en einkaleyfisstjórn Dana og Breta.

Erfiðleikar múrarameistaranna í Reykjavík byrja með því, að sá grundvöllur, sem ríkisstjórn Íslands byggði á synjun við málaleitun minni 16. nóv. 1934, er nú algerlega burtu fallinn. Erindi mitt var þá sent til einkaleyfisstofnunarinnar í Kaupmannahöfn, og hún lagði á móti erindi mínu. Ríkisstjórnin byggði á þessu frestandi svar til mín.

Ef ríkisstjórnin hefði treyst á hæfileika múrarameistarafélagsins í Reykjavík, þá mundi hún hafa sent málið til þeirra og byggt á álitum þeirra. Ríkisstjórninni datt þetta ekki í hug. Hún vissi, að stjórn þessa félags hafði enga aðstöðu til að dæma um þetta mál og hún stendur ekki einu hænufeti nær að dæma um þetta nú heldur en þá.

Svo sem vonlegt er treystir stjórn múrarameistarafélagsins ekki svo mikið á þekkingu sína í þessu máli, að hún vilji láta órökstuddar umþenkingar sínar verða höfuðröksemd. Hún býr þess vegna til tvær viðbótarröksemdir. Ég á að hafa fengið uppgötvun mína að steina hús með íslenskum bergtegundum annaðhvort beina stjórnarleið frá Þorsteini Briem fræðslumálaráðherra, eða sem eins konar boðsending frá öðrum húsameistara, hr. Sigurði Guðmundssyni, fyrir milliöngu þessa ráðherra.

Mér finnst það ofur ljóst, að ef stjórn múrarameistarafélagsins, Þorsteinn Briem ráðherra, eða Sigurður Guðmundsson hefðu raunverulega fundið upp þá aðferð til að steina hús, sem ég notaði á Þjóðleikhúsið 1933, þá hefðu þeir sýnt það í verki. En enginn þeirra reyndi neilt í þessa átt. Stjórn hins virðulega múrarameistarafélags dreymdi ekki um slíka uppgötvun. Þorsteinn Briem hefur í myndarlegu bréfi, sem ég geri að fylgiskjali með þessu erindi, gert glögga og skilmerkilega grein fyrir sinni aðstöðu og gerir enga tilraun til að auglýsa sig sem byggingarfræðing eða að hann hafi fengið við uppgötvanir um, hversu mætti steina múrhús á Íslandi. Um Sigurð Guðmundsson húsameistara má segja, að hann hafi hreinsað sig af framslætti múrarameistaranna engu síður heldur en sr. Þorsteinn Briem.

Litlu áður en ég gerði umrædda uppgötvun við að steina Þjóðleikhúsið hafði Sigurður Guðmundsson staðið fyrir byggingu fjölda húsa. Hann fann, eins og eðlilegt er, hve fátæklegt og kalt var að hafa steinsteypuveggina gráa og dauðalega útlits. Hann vissi vitaskuld vel, að það að mála slík hús yrði dýrt, endingarlitid og ekki skemmtilegt álit. Hann vantaði fallega steinhúð á hús. Ef hann hefði þekkt hæfileg íslensk efni, myndi hann vitaskuld hafa notað þau. En hann þekkti engin slík efni, fremur en stjórn múrarameistarafélagsins. Þess vegna tók hann það ráð að flytja nú mjög dýrt efni frá útlöndum til að gefa múrflötum 3ja húsa, er hann reisti, líf. Húsin urðu lagleg í fyrstu, en húðin entist illa, og mun fáa langa til að fá hús höfuðstaðarins með sama blæ og fyrrnefnd hús.

Ef Sigurður Guðmundsson hefði fundið upp þá steiningu, sem ég setti á Þjóðleikhúsið, og gert mér orð um leyndardóminn, þá mundi hann hafa notað þessa þekkingu við sínar byggingar.

Þegar ég var að reisa Þjóðleikhúsið, vann ég í kyrrþey að tilraunum, sem leiddu til uppgötvunar minnar. En þessar tilraunir voru gerðar í smáum stíl,

hvergi á heilan vegg, enn síður heilu húsi. Ég gat ekki látið frost og misjafna veðráttu mæða á sýnishornum mínum, eins og reynslan er með fullgerðar byggingar. Ég taldi ógætilegt að gera á eigin ábyrgð fyrstu tilraunina með uppgötvun mína á stærsta húsi, sem til þessa hefur verið reist á Íslandi. Þegar Jón heitinn Þorláksson hafði sýnt þann myndarskap að tryggja Þjóðleikhúsinu nægilegt fé til að gera það fokhelt, slétta veggina utan áður en fastar tekjur hússins voru teknar til annarra þarfa, gekk ég á fund fræðslumálaráðherra og spurði, hvort leyfilegt væri að kaupa tiltekið útlent efni utan á leikhúsið. Ráðherrann neitaði um þetta leyfi sökum gjaldeyriserfiðleika. Hliðstætt leyfi hafði Sig. Guðmundsson áður fengið vegna fyrrnefndra húsa. Með þessa neitun að baki taldi ég mér fært að nota uppgötvun mína á Þjóðleikhúsinu. Ég gerði það. Þjóðin dæmdi þá, og sá dómur stendur enn í dag, að sú uppgötvun, sem þar kom í dagsljósið, muni verða þjóðinni happadrýgri heldur en allar ritgerðir um byggingarfræðilegar umþenkingar, sem stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur hefur látið í té til þessa dags.

Þannig er hin almenna aðstaða í þessu máli: Ég geri uppgötvun mína 1933. Ég sæk um einkaleyfi rúmlega ári síðar. Ríkisstjórnin neitar eftir ráðum sérleyfisstjórnar Dana. Síðan sæk ég beint til þessarar sömu nefndar í Danmörku. Þá svarar hún mér beint og veitir leyfið fyrir Danmörku. Litlu síðar veitir sams konar nefnd í Englandi mér einkaleyfi þar í landi.

Nú þótti mér einsætt að leita viðurkenningar hjá ríkisstjórn míns eigin lands. Reynslan hefur sýnt, að aðferð mín var bæði listræn og varanleg. Íslenska stjórnin hafði ekki talið sig hafa sérfróða ráðunauta hér á landi til að dæma um þessa nýjung. Hinir erlendu ráðunautar höfðu í fyrstu ráðið til að neita, og á þeim úrskurði veitti stjórn Íslands frestani svar 1934. Nú hefur danska einkaleyfisstjórnin við nánari athugun séð, að ég hafði á réttu að standa, og veitt hið umbeðna leyfi fyrir Danmörku. Úr því ísl. stjórnin gat byggt frestun á skoðun dönsku nefndarinnar, þá þykist ég þess fullviss, að hún byggi nú játandi svar á játun sinna gömlu ráðunauta í Danmörku.

Stjórn múrarameistarafélagsins gerir mikið úr því, að ekki megi veita mér einkaleyfi á uppgötvuninni af því að henni hafi ekki verið haldið leyndri, og meira að segja lýst á prenti. Mér er nú spurn: Á ég að gjalda þess, að ráðunautar ísl. stjórnarinnar ráða til að veita ekki einkaleyfi 1934, ári eftir að ég legg fram gögn mín hér á landi á veggjum leikhússins, þó að þessi sama nefnd viðurkenni síðan, að hún hafi gert mér rangt til og viðurkenni uppgötvun mína? Telur stjórn múrarameistaranna, að ég eigi að gjalda þess, að ég er fyrst og fremst að hugsa um alþjóðargagn, í stað þess að pukra árum saman með uppgötvun mína svo að segja innan veggja, eingöngu til að tryggja það, að enginn geti haft gagn af nýsköpun minni, fyrir en ég hefði sanningslega tryggðan rétt? Mér kom aldrei til hugar að fara þannig að. Ég leit miklu stærra á málið. Ég taldi ekki fulla vissu fyrir uppgötvun minni fyrir en múrveggir, steindir með aðferð minni, hefðu sýnt í verki, að þeir þyldu allar breytingar íslenzkrar veðráttu. Að þessu sinni hef ég notað tímann, sem danska einkaleyfisstjórnin þurfti til að komast að rétttri niðurstöðu á fræðilegan hátt um gildi aðferðarinnar, til að sýna í verki á mörgum stöðum hér á landi, að hin nýja steining væri ekki aðeins fögur og listræn, heldur líka varanleg. Þess vegna er nú svo komið, að mál mitt er stutt jöfnum höndum af dómi vel menntaðra sérfræðinga í tveim löndum og nokkurra ára reynslu minni í viðureign við íslenzkt veðurfar.

Stjórn múrarameistarafélagsins hefur ekki gáð að þessu, þegar hún vitnaði í fyrstu grein einkaleyfislaganna frá 1923, að þar er í síðustu málsgr. glögglega sýndur vilji löggjafans. Þær skýringar, sem hugvitsmaðurinn verður að gera eða láta gera í landi sínu eða utanlands til að sanna gildi uppgötvunar sinnar, eiga ekki að teljast til almennra lýsinga á móti leyfisbeiðanda. Löggjöfin tekur beinlínis fram, að hlutadeigandi ríkisstjórn geti ákveðið, að slíkar lýsingar, þótt gefnar hafi verið, megi teljast almenningi óheimilar fyrir en eftir tiltekið tímabil.

Stjórn múrarameistarafélagsins telur, að ritgerð eftir Kornelíus Sigmundsson um aðferð mína eigi að vera hindrun fyrir því, að ég fái uppgötvun mína viðurkennda á Íslandi.

Athugum nú þessa ritgerð. Hún er samfelld viðurkenning á uppgötvun minni: Og þessi viðurkenning kemur frá þeim manni, sem stýrði verki undir minni umsjá við hina fyrstu tilraun, sem gerð var á Íslandi til að steina múrbyggingu með íslenskum efnum. Í ofanefndri grein lýsir hr. Kornelíus Sigmundsson, hversu ég hafi ákveðið að gera þetta verk snemma árið 1933, hversu efnið var sótt í Þingeyjar-sýslur og austan úr Landmannaafrétt, upp í Mosfellssveit, í Esjuna og austur í Hornafjörð. Síðan tekur höfundurinn fram, að við verkið hafi í öllu verið farið eftir fyrir-sögn minni. Að lokum segir höfundurinn:

„Húsameistari ríkisins á miklar þakkir skilið fyrir að hafa riðið á vaðið með þessa íslensku utanhússhúðun. Hans er heiðurinn.“

Það þarf furðanlegt vitsmunaleysi til að ætla að nota vitnisburð Kornelíusar Sigmundssonar í umræddri ritgerð á móti mér á þann hátt, sem stjórn múrarameistaranna hugðist að gera. Þvert á móti sýnir vitnisburður þessa manns, sem hefur meiri reynslu og þekkingu í þessu efni heldur en aðrir múrarameistarar hér á landi, hversu vitaverða framkomu stjórnarnefndarmenn í stéllarfélagi hans sýna í þessu máli.

En þó að hr. Kornelíus Sigmundsson sé í þessu efni færastur og fróðastur allra stéttarbræðra sinna hér á landi um uppgötvun mína, þykir mér rétt að benda á, að í hinni velviljuðu og vingjarnlegu lýsingu hans á aðferð minni í Tímariti iðnaðar-manna vantar mörg veruleg atriði. Vil ég þess vegna í stuttu máli, vegna ríkisstjórn-arinnar, sem nú á að fella lokaúrskurðinn um einkaleyfisbeiðni mína, gefa fáorða lýsingu af aðferð minni.

Þegar flötur sá, er húða skal, er afréttur með vanalegri undirhúðun og nægilega þurr, skal dregin upp á hann sementsblanda: 1 sement og 2 sandur. Þykkt þessa lags skal ætíð vera nokkuð þynnra en þvermál steinkornanna, sem nota skal. Á þann hátt fæst hrönglingslaus húðun og allir molarnir koma hreint fram úr húðfletinum. Þessa hefur aldrei verið nægilega gætt við húðun þeirra húsa, sem aðferð mín hefur verið notuð á, og hefur húðunin því oft verið hrönglött og áferðarljót.

Múrskeið sú eða áhald, sem notuð er til að þrýsta mulningnum inn í sementslagið, skal vera mjög þunn og fjaðrandi, því ella er hætt við, að mulningurinn losni í húðuninni. Þetta tvennt er aðalatriðið í aðferð minni og undirstaðan til þess, að húð-unaraðferð mín komi að fullu gagni. Ekkert af þessu getur Kornelíus Sigmundsson um í fyrnefndri grein sinni.

Ég þykist nú hafa svarað nægilega bréfi hins háa ráðuneytis, þar sem það sendir mér til umsagnar bréf múrarameistaranna. Ég hef rakið allan gang málsins frá byrjun. Ég vona, að hæstvirt ríkisstjórn muni geta verið mér samdóma um, að bréf múrarameistaranna ber ekki vott um mikla þekkingu eða víðsýni. Heldur ekki mikla umhyggju fyrir þýðingarmiklum umbótum, sem snert geta verk þeirra, ef litið er á það, hversu þeir vilja, að snúizt sé af stjórnarvöldunum við annarri eins nýjung og þeirri, sem hér er um að ræða.

Mér finnst í sjálfu sér lítill þjóðarmetnaður í því, að þjóð, sem vill fórna miklu til að slíta sem flest og ef til vill öll hin formlegu laga- og stjórnmálabönd, sem tengt hafa landið við Danmörku, skuli ótilneydd af lögum og samningum biðja um, að Danir hafi einræðisvald í máli eins og því, sem hér er um ræðir. Ég hygg, að hér á landi verði bráðlega unnt fyrir ríkisstjórnina að styðjast við nægilega mikla sérkunnáttu hjá sínu eigin starfslíði til að geta dæmt um réttmæti einkaleyfa til handa íslenskum mönnum. Verður þess vonandi ekki langt að biðja, að slík skipun komi á þessi mál. En meðan sá háttur er tekinn upp að spyrja Dani til ráða, áður en svarað er erindi eins og leyfisbeiðni minni, þá vænti ég, að ríkisstjórnin virði mér ekki til ávirðingar þann drátt, sem orðið hefur hjá ráðunautum íslenskra stjórnarvalda í þessu efni.

Auk þess geta íslensk stjórnarvöld verið fullviss um það, að dönsk og ensk einka-

leyfisvöld veita ekki jákvæð svör nema eftir að hafa sannprófað málið og fundið að um nýsköpun er að ræða. Til viðbótar má nefna dóm almennings á Íslandi um málið sjálft. Þegar gangpallar voru teknir frá veggjum Þjóðleikhússins 1933, eftir að húsið var steint að utan, var hverjum sæmilega víti bornum manni í bænum ljóst, að þar var verið að gera uppgötvun, sem mælti með sér sjálf á eftirminnilegan hátt.

Nú er svo komið, að dómur erlendra sérfræðinga og dómur almennings í landinu fer saman um aðferð mína. Eina undantekningin eru nokkrir menn í Múrarameistarafélagi Reykjavíkur. Þeir hafa lagt gögn sín á borðið. Þau hafa verið krufin til mergjar. Hæstvirt ríkisstjórn hefur nú alla aðstöðu til að meta framkomu og framkvæmd mína í samanburði við framkomu hinna tilgreindu handverksmanna, sem tilefnislaust hafa blandað sér í mál, sem þeim kom ekki við, og sem þeir höfðu enga aðstöðu til að dæma um á nokkurn hátt.

Ég þykist þess fullviss, að hæstvirt ríkisstjórn muni nú sjá sér fært að unna mér ekki minni réttar á Íslandi um uppgötvun mína heldur en yfirvöld í Danmörku og Englandi hafa sýnt, eins og meðfylgjandi skírteini sýna.

Hér með fylgir bréf frá prófasti Þorsteini Briem.

Virðingarfullt
Reykjavík, 27. maí 1940.
Guðjón Samúelsson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal IX.

Herra prófessor Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, hefur sýnt mér bréf stjórnar Múrarameistarafélags Reykjavíkur, dags. 11. des. f. á., og leitað umsagnar minnar um þau atriði, sem mín er við getið í niðurlagi bréfsins.

Út af því óska ég að taka fram eftirfarandi:

Þegar rætt var um múrhúðun Þjóðleikhússins, neitaði ég um fé úr ríkissjóði til kaupa á erlendu efni í svonefnda „Mineral-Pudsning“ á húsið, og sagði ég húsameistara ríkisins, að hann yrði að reyna að gera múrhúðun þessa úr einhverju því innlendu efni, er honum litist hezt á, með því að hann taldi ekki fært að húða húsið á venjulegan hátt. Áttum við húsameistari oft tal um tilraunir þær, er hann gerði í þessu efni, og hvatti ég hann til þess að gefast ekki upp, en tilraunir hans tóku nokkurn tíma. Árangur tilrauna þessara varð svo múrhúðun sú, er sett var á Þjóðleikhúsið og fleiri hús síðar.

Snemma á stigi málsins átti ég einnig tal um múrhúðun Þjóðleikhússins við Sigurð Guðmundsson húsameistara og spurði hann, hvort hann teldi fært að setja venjulega hraunhúðun á leikhúsið, og taldi hann það ekki fært, en hins vegar taldi hann rétt, að gerðar væru tilraunir með múrhúðanir úr innlendum efnum. En ekki minnist ég þess, að hann bentí á neinar sérstakar aðferðir í því efni.

Mér er ekki kunnugt um, að aðrir menn en prófessor Guðjón Samúelsson hafi haft þessar tilraunir með höndum eða gefið ráð um, hvernig þeim skyldi haga, og hef ég því talið múrhúðun þessa hans verk.

Reykjavík, 14. marz 1940.
Þorsteinn Briem.

Fylgiskjal X.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 7. desember 1940.

Út af beiðni yðar, herra húsameistari, um að yður verði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsnum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, er yður hér

með sent til umsagnar afrit af bréfi Múrarameistarafélags Reykjavíkur, dags. 3. þ. m., þar sem félagið á ný mótmælir því, að yður verði veitt umbeðið einkaleyfi. Einnig fylgir afrit af yfirlýsingu þeirra Gísla Þorleifssonar, Ólafs Pálssonar og Maris Guðmundssonar, dags. 17. f. m., varðandi utanhúðun þjóðleikhússins, sem vísað er til í bréfi múrarameistarafélagsins.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Til hr. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

Fylgiskjal XI.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hið háa ráðuneyti hefur með bréfi, dags. 12. september s.l., sent oss til umsagnar bréf Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins út af einkaleyfisbeiðni hans, dags. 27. maí þ. á., og viljum vér taka fram eftirfarandi í því sambandi:

Í nefndu bréfi húsameistarans er ekkert, sem hrekur þá skoðun vora, sem kom fram í fyrra bréfi voru til ráðuneytisins, að samkvæmt lögum um einkaleyfi, nr. 12 20. júní 1923, sé ekki unnt að veita húsameistarann umbeðið einkaleyfi.

Vér leyfum oss að vísa til þess bréfs að því er þetta varðar.

Þar sem það er alveg ljóst af lögnum um einkaleyfi, að ekki kemur til mála að veita húsameistarann umbeðið einkaleyfi, getum vér að öðru leyti komið hjá löngum athugasemdum við bréf húsameistarans, dags. 27. maí s.l., en þó skal þetta tekið fram:

Í upphafi bréfsins telur húsameistarinn sig hafa gert byggingarfræðilega uppgötvun, og á hann þar við utanhúðun þjóðleikhússins, sem hann byggir einkaleyfisbeiðni sína á. Vér leyfum oss hér með að senda hinu háa ráðuneyti yfirlýsingu múraranna Gísla Þorleifssonar, Ólafs Pálssonar og Maris Guðmundssonar út af utanhúðun þjóðleikhússins. Þessir menn unnu allir að utanhúðun hússins og eru því kunnugastir, hvernig aðferð sú, sem notuð var og húsameistarinn beiðist einkaleyfis á, varð til. Eins og yfirlýsingin ber með sér, fann húsameistarinn ekki upp þá aðferð, sem notuð var, heldur prófuðu múrarar þeir, sem við verkið unnu, sig áfram með, hvernig nota ætti hið innlenda efni, sem þeim var lagt upp í hendur. Höfðu þeir nokkra hliðsjón af utanhúðun úr erlendu efni, sem þeir höfðu unnið að áður.

Sannleikurinn um utanhúðun þjóðleikhússins er því sá, að húsameistarinn lagði til innlent efni, vegna þess að erlent efni fékkst ekki flutt inn, en iðnaðarmenn þeir, sem um húðunina áttu að sjá, fundu upp aðferð þá, sem notuð var og hefur síðan tekið framförum í höndum þeirra mörgu múrara, sem húðað hafa hús úr innlendu efni.

Í bréfi sinu segir húsameistarinn, að utanhúðun húsa í Reykjavík hafi langoftast verið ábótavant, þegar hans tilsagnar naut ekki við. Hver einasti iðnaðarmaður í Reykjavík, sem fengið hefur við húsabyggingar, veit, að þetta er rangt.

Þá telur húsameistarinn, að stjórn múrarameistarafélagsins hafi enga sérfræðilega þekkingu á utanhúðun húsa. Það segir sig raunar sjálft, að iðnaðarmenn, sem unnið hafa við slík störf í ár eða áratugi, hljóta að þekkja þau vel og raunar ekki verr en húsameistari, sem aldrei snertir á neinum störfum sjálfur, sem lúta að múrverki.

Húsameistarinn telur sig hafa gert tilraunir í kyrrþey og hafi það leitt til þess, að farið var að nota þá aðferð, sem nú er almennt notuð við utanhúðun húsa úr islenskum efni. Um þetta visast til áður nefndrar yfirlýsingar, sem hér fylgir með. Þeir þrír múrarar, sem undirrita þá yfirlýsingu og unnu að utanhúðun þjóðleikhússins, segja: „Hann (þ. e. húsameistarinn) virðist ekki hafa sjálfur neina ákveðna hugmynd um, hvernig verkið skyldi unnið ...“ Húsameistarinn ruglar því saman

að útvega innlent efni til utanhúðunar og finna aðferð til að nota það. Hann sækir aðeins um einkaleyfi á aðferð við að nota slíkt efni til utanhúðunar, og þarf því ekki að rökræða um það, hver hafi átt uppástungu að því að útvega hið innlenda efni.

Húsameistarinn kvartar undan því, að nokkrir menn úr Múrarameistarafélagi Reykjavíkur séu sér andstæðir og hann hafi engin laun né viðurkenningu hlotið nema lúalegar árásir.

Múrarameistarafélag Reykjavíkur vill á engan hátt rýra þann heiður, sem húsameistarann ber af störfum hans í þágu þess opinbera, og á það skal bent, að húsameistarinn hefur bæði fengið laun og viðurkenningu fyrir störf sín, og er það svo alkunnugt, að ekki er þörf á að ræða það nánar. En stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur telur, að það beri ekki að veita húsameistarann aðstöðu til þess að hagnast fjárhagslega á utanhúðun húsa úr innlendu efni með því að veita honum einkaleyfi á aðferðinni við að nota hið innlenda efni. Það verður að teljast óviðkunnanlegt, að starfsmaður þess opinbera fengi aðstöðu til að leggja gjald á hvern hús, sem húðað er að utan úr innlendu efni, jafnvel þó svo væri, að hann hefði í starfi sínu fyrir hið opinbera fundið upp aðferð til að nota hið innlenda efni. Á það skal bent, að kostnaður á normaltíma við að húða hús utan með hinum ýmsu efnum og aðferðum, sem við það eru notaðar, er sem hér segir:

Venjuleg slétt utanhúðun	kr. 4.50 á ferm.
Hraunhúðun	— 3.50 — —
Íslenzk húðun (tinna etc.)	— 9.00 — —
Skel	— 6.50 — —

Það sést því, að hin íslenzka húðun er mun dýrari en húðun úr sementi. Verði enn bætt ofan á þennan kostnað með því að veita einstökum manni einkaleyfi við aðferð á húðun úr ísl. efnum og þar með tækifæri til að leggja gjald á hvern fermetra, sem húðaður er á þann hátt, þá má búast við, að utanhúðun húsa úr innlendum efnum minnki stórlega. Í bréfi sínu segir húsameistarinn, að hann „hafi fyrst og fremst verið að hugsa um alþjóðagagn“. Ef svo er, hvers vegna er þá húsameistarinn að leita eftir einkaleyfi? Eins og áður er tekið fram, hefur húsameistarinn í margnefndu bréfi sínu, dags. 27. maí s. l., ekki á nokkurn hátt hrakið röksemdir í fyrra bréfi voru til hins háa ráðuneytis fyrir því, að neita beri um veitingu umrædds einkaleyfis á grundvelli 1. gr. 2. mgr. 4. lið laga nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi. Var sérstaklega á það bent í nefndu bréfi voru, að aðferð sú, sem beiðzt er einkaleyfis á, hafi verið höfð svo mjög um hönd í langan tíma, að ekki sé hægt að veita umbeðið einkaleyfi. Þetta fær nú nýja staðfestingu í bréfi húsameistarans, því þar segir hann, að aðferð þessi hafi „gerbreytt blænum á höfuðstað landsins“. Það nær auðvitað engri átt að veita einkaleyfi nú á aðferð, sem svo er mikið notuð, að hún hefur þegar „gerbreytt blænum á höfuðstað landsins“.

Múrarameistarafélag Reykjavíkur heldur fast við þessar tvær höfuðröksemdir gegn veitingu hins umbeðna einkaleyfis:

að Guðjón Samúelsson húsameistari hafi ekki fundið upp þá aðferð, sem einkaleyfis er beiðzt á, og

að þó svo væri, að hann hefði fundið aðferðina upp, þá sé ekki unnt að veita honum einkaleyfi vegna fyrrnefndra ákvæða laganna um einkaleyfi.

Leyfum vér oss fyrir hönd Múrarameistarafélags Reykjavíkur með skírskotun til framanritaðs og þess, sem áður er komið fram af vorri hálfu, að ítreka kröfuna um, að fyrrnefnd einkaleyfisbeiðni verði ekki tekið til greina.

Virðingarfyllt.

Reykjavík, 3. des. 1940.

Í stjórn Múrarameistarafélags Reykjavíkur

Jón Bergsteinsson. Gísli Þorleifsson. Þorkell Ingibergsson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal XII.

Við undirritaðir Gísli Þorleifsson og Ólafur Pálsson og Marís Guðmundsson múrarar viljum taka fram eftirfarandi út af utanhúðun þjóðleikhússins.

Við unnum við utanhúðun nefnds húss, og kom Guðjón Samúelsson húsameistari með steintegundir þær, sem notaðar voru, kvarts, hrafntinnu, kalkstein og silfurberg, og bað hann okkur að finna aðferð til þess að húða húsið utan með þessum efnum, og gerðum við allar tilraunir með það á eigin spýtur.

Fyrst notuðum við sömu aðferð og viðhöfð var þegar hús voru húðuð að utan með útlendu efni, til dæmis eins og gert var við húsið Tryggvagötu 28 og fleiri hús á þessu tímabili, en aðferð þessi var falin í því, að við blönduðum saman litlu af sandi og sementi og drógum það á vegginn og þvoðum síðan með svampi upp úr veikri saltsýru, þegar lögurinn var lítilsháttar farin að harðna. Svo var reynt að kasta mulningnum af hinum íslenzku efnum í lögurina og draga hann upp í hana án þess að mulningnum væri þrýst inn í. Þessa aðferð taldi Guðjón Samúelsson ágæta og vildi, að hún væri notuð, enda var hún notuð í fyrstu eða á turn hússins og þakbyggingu. Þegar komið var að því að gera stuðla þá, sem eru á frambrún hússins og turni, fundum við, að ekki var nægilegt að draga mulninginn upp í lögurina, án þess að þrýsta honum inn á eftir, og tókum við til þess ráðs að þrýsta mulningnum inn í lögurina. Var þá hætt við þá aðferð, sem Guðjón Samúelsson hafði talið góða, en þessi notuð.

Húsið var því húðað með tveim aðferðum, og er turninn og þakbyggingin með þeirri, sem fyrr var lýst hér á undan, en stuðlar og mestur hluti veggja með hinni síðari.

Blöndunin var alltaf 1 sement og 1 sandur, og er sú blöndun almennast notuð enn þá, enda má hún tæpast vera veikari. Notuð var alveg venjuleg múrskeið, enda er engin þörf á að nota þynnri múrskeið en almennt er notuð.

Ekki var okkur kunnugt um, að Guðjón Samúelsson gerði neinar tilraunir með það, hvernig húðunin úr hinum íslenzku efnum yrði bezt gerð. Hann virtist, eins og áður er sagt, ekki hafa sjálfur neina ákveðna hugmynd um, hvernig verkið skyldi unnið, og fól okkur að prófa okkur áfram. Aðferð sú, sem nú er notuð, er þannig raunverulega orðin til við vinnu okkar, og höfðum við hliðsjón af því, hvernig hús voru húðuð áður úr erlendu efni.

Síðan hefur aðferðin mótast í höndum þeirra mörgu múrara, sem hana hafa notað, og getur hún ekki talizt fundin upp af neinum einstökum manni.

Eins og kunnugt er, er utanhúðun þjóðleikhússins nú mjög skemmd, og þó einkum á turni og þaki, þar sem sú aðferðin var notuð, sem Guðjón Samúelsson taldi góða og gilda og vildi að notuð væri.

Reykjavík, 17/11 1940.

Gísli Þorleifsson.

Ólafur Pálsson.

Marís Guðmundsson.

Fylgiskjal XIII.

GUÐJÓN SAMÚELSSON

Húsameistari.

M. A. A.

Reykjavík, 28. des. 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefur sent mér bréf frá stjórn Múrara-meistarafélags Reykjavíkur og vottorð þriggja múrara, sem unnu að því að steina þjóðleikhúsið. Eiga þessi skilríki að vera mótrök gegn því, að ríkisstjórn Íslands veiti mér sömu viðurkenningu fyrir uppgötvun mína að steina múrbyggingar með litsterkum ísl. bergtegundum eins og mér hefur verið veitt í Danmörku og Englandi.

Áður en ég vik að síðara bréfi múraranna og meðfylgjandi skjali vil ég rifja upp nokkur atriði um gang málsins.

Ég rita ósk mína til ríkisstjórnarinnar um einkaleyfi til að húða steinhús og önnur mannvirki 16. nóv. 1934. Var þá svo skammt frá því liðið, að ég hafði gert uppgötvun mína í sambandi við að steina þjóðleikhúsið, að engin sanngirni mælir með því, að ég sendi umsókn mína fyrri. Lá þar, meðal annars, til grundvallar eðlileg varfærni mín að sjá þess nokkurn vott, hversu hin nýja aðferð þyldi breytilega veðuráttu.

Ráðherrann, sem hér átti hlut að máli, Haraldur Guðmundsson, sendi einkaleyfisbeiðni mína til patentstofnunar Dana til að fá þar sérfræðileg ráð. Stofnunin taldi sér ekki fært að mæla með beiðni minni í það skipti. Ráðherrann byggði svar sitt 16. maí 1935 eingöngu á tillögum dönsku patentstofnunarinnar, og sér ekki ástæðu til að veita leyfið „að svo stöddu“. Íslenzka ríkisstjórnin byggir á sérfræðilegri þekkingu forráðamanna hinnar dönsku stofnunar. Hún neitar ekki beiðni minni, heldur tekur sér frest. Bréf ráðherrans er í raun og veru bein yfirlýsing um, að ef jákvæðar upplýsingar komi í málinu, þá verði beiðninni líka játað. Ef ríkisstjórnin hefði talið einsætt, að málið væri með öllu óréttmætt, mundi hún hafa neitað án þess að taka sér frest.

Allir sjá, að ekki er hægt að ætlast til, að ég kæmi fyrir fram með einkaleyfisbeiðnina heldur en haustið 1934. Enginn getur áfellt mig fyrir drátt þann, sem varð á málinu veturinn 1934—35, meðan ríkisstjórnin sjálf var að rannsaka málið. Ekki er heldur hægt að áfella mig fyrir það, að ráðunautur ísl. ríkisstjórnarinnar í Danmörku lætur liða nokkur missiri frá því hann gefur Haraldi Guðmundssyni ástæðu til að fresta leyfisveitingu og þar til sami aðili veitir mér einkaleyfi á aðferð minni í Danmörku. Eftir að Danir og Englendirar höfðu fyllilega viðurkennt uppgötvun mína, sendi ég íslenzku ríkisstjórninni nýtt bréf með fylgiskjölum frá „patentskrifstofu“ Dana og Englendirar. Ríkisstjórnin hefur síðan þá verið að athuga málið, m. a. gefið múnarafélaginu tækifæri til að skrifa um það tvö bréf. Það leiðir af sjálfu sér, að ég get ekki heldur talizt ábyrgur fyrir þeim drætti í málinu, sem leiðir af því, að ríkisstjórnin er að athuga málið og fá gagnrýni frá stjórn múnarameistarafélagsins.

En af þessu yfirliti er það augljóst, að það kemur af ókunnugleika og þekkingarleysi stjórnar múnarameistarafélagsins, er þeir telja uppgötvun mína of gamla til að veita einkaleyfi. Ég hef lagt málið fram í nóvember 1934, og síðan þá hefur málið verið til athugunar hjá ríkisstjórninni, og endanlegt svar ekki fengið fyrir, en ég vænti þess nú, og það sem fyrst. Ef ásökun múnarafélagsins um drátt á afgreiðslunni á við nokkurn aðila, þá er það hæstvirt ríkisstjórn og ráðunautar hennar, bæði danskir og íslenskir.

Í hinu fyrra bréfi múnarameistarafélagsins var því haldið fram, að uppgötvun mín væri komin frá fyrrv. ráðh. Þorsteini Briem og til hans frá Sigurði Guðmundssyni húsameistara. Vottorð frá sr. Þorsteini Briem sannar, að hann telur sig ekki hafa gert neina byggingarfræðilega uppgötvun, og þá ekki heldur þessa. Um Sig. Guðmundsson gat enn síður verið að ræða, þar sem hann notaði á þessum árum dýrt útlent efni til að húða með hús í Reykjavík og hefur aldrei notað íslensk efni á þann hátt, sem hér er um að ræða.

Stjórn múnarameistarafélagsins var nú hrakin úr báðum fyrstu varnarlinum sínum. Það var sannað, að þessi stjórn hafði sagt ósatt um, að drátturinn á einkaleyfisveitingu hér á landi væri mér að kenna. Í öðru lagi hafði ég sýnt fram á það, að það væru tvímælalaus ósannindi, að sr. Þorsteinn Briem eða Sig. Guðmundsson hefðu fundið upp þá aðferð til að steina hús, sem ég hef beiðið um einkaleyfi fyrir.

Þegar stjórn múnarafélagsins þurfti að rita ríkisstjórninni í annað sinn, varð hún að grípa til nýrra úrræða. Hún kemur þá með vottorð frá þrem verkamönnum, sem unnu að því að steina þjóðleikhúsið. Þykjast þessir menn hafa gert uppgötvunina og kennt mér leyndardóminn.

Ef hinir þrír múnarsveinar segðu satt, hafa yfirmenn þeirra í múnarameistarafélaginu leikið þá grátt, með því að ræna af þeim frægðinni og halda því fram í skjali

til ríkisstjórnarinnar, að uppgötvun sú, sem þeir nú telji, að múrsveinar hafi gert, væri verk Þorst. Briem og Sigurðar Guðmundssonar. Þetta athæfi múrarameistarastjórnarinnar er sérstaklega vítavert og óafsakanlegt, þar sem þeim ætti að vera allra manna kunnugast um afrek viðvaninga í stétt sinni.

En nú vill svo illa til fyrir múrsveinana þrjá, að húsbóndi þeirra Kornelius Sigmundsson lýsir yfir skýrt og skorinort, að þeir hafi alls engar uppgötvanir gert. Þeir hafi aðeins framkvæmt fyrirskipanir sínar um þetta efni, og innihald þeirra allt hafi hann fengið frá mér. Eina uppgötvunin, sem hr. Kornelius Sigmundsson virðist gefa múrsveinunum „kredit“ fyrir, er að hafa framkvæmt á miður vandvirknislegan hátt nokkurn hluta þess verks, sem þeir áttu að vinna. Þriðja varnarlina múrarameistarastjórnarinnar er þess vegna fallin líka, bæði af því, að þau ósannindi, sem þar eru borin fram, stangast við önnur eldri ósannindi stjórnar múrarameistarafélagsins, og af því, sem vottorð hr. Kornelíusar Sigmundssonar skilur ekkert eftir í gildi af framburði hinna þriggja múrarasveina.

Stjórn múrarameistarafélagsins hefur auðsýnilega fundið, að hinar ýmsu tegundir af ósannindum, sem þeir höfðu borið fram í málinu, var ekki nægilega öruggur grundvöllur í málsvörn þeirra. Þess vegna bæta þeir við í síðara bréfi sínu mjög frumlegri kenningu, sem er líkleg til að halda nöfnum þeirra á lofti lengur en nokkur annar þáttur í skrifum þeirra.

Lokaröksemd stjórnar múrarameistarafélagsins, eftir að öll önnur rök eru að engu orðin, er sú staðhæfing, að ekki megi veita mér einkaleyfi á uppgötvun minni, af því að hún kunni að leiða til þess, að ég fái einhver laun fyrir uppgötvun mína, og það geti gert byggingar dýrari.

Nú er þess að geta, að ég bið ekki um leyfi til að knýja fólk til að nota uppgötvun mína. Mér hefur verið veitt einkaleyfi á aðferðinni í Danmörku og Englandi, en enginn mun þar nota aðferðina nema hann telji sér hag af því. Sama er hér á landi. Múrarafélagið getur haft allar þær aðferðir, sem það kann, áður en ég gerði uppgötvun mína, án þess að nokkur hindri félagsmenn að fara þá leið. Uppgötvun mína, eins og aðrar uppgötvanir, notar enginn maður, nema hann telji sér hag að því að notfæra sér þessa sérstöku þekkingu.

Stjórn múrarameistarafélagsins biður því um það eitt, að það megi nota sér uppgötvun mína fyrir ekki neitt. Þannig hugsar betlarinn. Hann vill fá lífsframtæri sitt frá öðrum og af annarra vinnu, án þess að beita sinni eigin orku.

Stjórn múrarameistarafélagsins er væntanlega á því þekkingarstigi að vita ekki, að einkaleyfi eru veitt til að verðlauna og knýja fram andlega vinnu. Samkvæmt hugsunarhætti stjórnar múrarafélagsins ætti aldrei að veita nein einkaleyfi, af því að öll einkaleyfi hafa fólgin í sér möguleika til þess að endurborga lítinn hlut þeirrar andlegu vinnu, sem lögð er í hverja uppgötvun. Stundum tekst að svíkja um laun fyrir andlega vinnu af þessu tagi. Maðurinn, sem fann upp aðferðina til að frysta kjöt, var látinn deyja úr hungri. En milljónir manna hafa nú fyrir löngu stórlega bætt fjárhag sinn vegna þessarar uppgötvunar og margir í þeim hóp grætt milljónir á skapandi hugsun manns, sem var á áberandi hátt svikinn um réttmæt laun fyrir andlega vinnu.

Í öllu braski múrarameistarafélagsins er þessi röksemd þeirra bezt fallin til að sanna, að þá skorti algerlega þá þekkingu og æfingu í störfum menntaðra manna, sem þarf til að tala um málefni, sem þeir hafa blandað sér í að þessu sinni. Það er slæmt að hafa fært uppgötvun mína frá prófastinum á Akranesi til húsameistara, sem aldrei notar íslenzka steining á hús, og þaðan á þrjá undir menn hjá Kornelíusi Sigmundssyni. En hitt er þó sýnu verra, þegar þessir menn ætla að byrja að endurbæta veröldina á þann hátt, að hætt yrði að viðurkenna skapandi andlega vinnu, eins og nú er gert með einkaleyfisveitingum hjá öllum menntuðum þjóðum.

En í ofanálag er það misskilningur stjórnar múrarameistarafélagsins, sem hefur haldið því fram, að ef ég fengi einkaleyfi á uppgötvun minni, myndi það

gera steining húsa hér miklu dýrari. Þvert á móti myndi ég geta gert steininguna ódýrari en tíðkæpt hefur hingað til í höndum múrarameistarafélagsins. Í framkvæmdinni hafa notendur yfirleitt borgað fyrir tonnið af mulningskornunum (kvarz, hrafntinnu o. fl.), sem notuð eru í steininguna, kr. 550.00, eða á ferm. kr. 3.57. En fyrir sama efni, sem ég hef notað í steiningu á opinberar byggingar, t. d. háskólabygginguna, borgaði ég fyrir tonnið kr. 300.00 eða á ferm. kr. 1.95, og sparast þá á ferm. kr. 1.62. Borgun fyrir einkaleyfi mitt mundi aldrei verða nema hluti af sparnaðarupphæðinni, og mega þá allir vel við una.

Mér þykir sennilegt, að hæstvirt ríkisstjórn sjái sér nú fært að svara endanlega bréfi mínu frá 16. nóv. 1934 á þann eina veg, sem unnt er að svara erindi mínu. Allur dráttur á málinu er að kenna ríkisstjórninni og ráðunautum hennar. Sá ráðunautur, sem íslenska ríkisstjórnin byggði á hið frestaða svar vorið 1935, hefur nú fyrir allöngu játað fyrri villu sína og veitt mér einkaleyfið í Danmörku. Síðan hefur einkaleyfisstjórn Englands fylgt í kjölfar Dana. En hér heima á Íslandi eru menn eins og stjórn múrarameistarafélagsins látnir tefja fyrir réttlátu og eðlilegu svari, þó að þessi aðili sé orðinn margsaga í framburði sínum og hafi beitt nýjum og nýjum ósannindum, þegar sannað var, að hinar eldri skrök-sögur gátu ekki staðizt.

Einn aðila sýnist mér að vel mætti spyrja, áður en svarað er, úr því svo langur dráttur er orðinn á svari við beiðni minni frá 1934, og það er iðnaðar-nefnd Alþingis. Þetta mál er hvort sem er orðið það umfangsmikið, að það er engan veginn óeðlilegt, að gögn þessi verði lögð fyrir þá fulltrúa þjóðarinnar, sem hafa gert þá löggjöf, sem byggt er á í þessu efni.

Hér með fylgir bréf Kornelíusar Sigmundssonar múrarameistara.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal XIV.

Út af bréfi Gísla Þorleifssonar, Ólafs Pálssonar og Marís Guðmundssonar, dags. 17. nóv. 1940, viðvikjandi utanhúðun þjóðleikhússins í tilefni af einkaleyfisbeiðni Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins á húðunaraðferð á utanhúðun þjóðleikhússins, vil ég sem verktaki og verkstjóri við fyrrnefnda húðun taka eftirfarandi fram.

Húsameistari ríkisins bað mig um að framkvæma fyrir sig nýja húðunar-aðferð, sem hann hafði hugsað sér að gera á þjóðleikhúsinu að utan. Allt verkið var framkvæmt eftir hans fyrirsögn. Hann átti eingöngu tal um þetta atriði við mig, og er mér því kunnara en öðrum, hver fann upp aðferðina. Það, sem húsameistari ríkisins var ákveðinn í, var, að húðunarlagið, sem steinmulningurinn var limdur í, ætti alltaf að vera þynnra en steinkornastærðin, svo steinkornin stæðu ætíð út úr laginu. Á þessum grundvelli var tilraunin gerð.

Gerð voru nokkur sýnishorn eftir ósk húsameistara ríkisins með mismunandi kornastærðum, og eins mismunandi blöndun á steintegundum til að fá ýms litbrigði. Ég lét menn mína gera tilraunirnar samkvæmt ósk húsameistara ríkisins. Það er tekið fram í fyrrnefndu bréfi Gísla Þorleifssonar o. fl., að húsameistari hafi beiðið bréfitarana að finna aðferð til þess að húða húsið að utan. Það er ekki sannleikanum samkvæmt, því þeir menn, sem vinna hjá mér, vinna eingöngu eftir minni skipun og fyrirsögn.

Þar sem bréfitarar halda því fram, að þeir hafi kastað mulningnum í sementshúðina án þess að þrýsta honum inn í hana, verð ég að halda, að þeir hafi ekki gert eftir beiðni minni og leyst verkið óvandvirknislega af hendi og alls ekki gert eins og húsameistari ríkisins hafði lagt fyrir mig, að gera skyldi.

Þar sem fyrrnefndir bréfundirritarar halda því fram, að húðunin væri gerð með

tveim aðferðum, það er að þrýsta og ekki þrýsta steinkornunum inn í löguna, þá tel ég það af misskilningi gert af fyrrnefndum mönnum, því húsameistari ríkisins var ákveðinn í, áður en byrjað var á húðuninni, að kornunum væri þrýst í sementslagið.

Ég tel það einkennilega framkomu af bréfriturum að fara með slík ummæli, sem standa í bréfinu, þar sem þeir og allur almenningur veit, að ég byggði það, sem komið er af Þjóðleikhúsinu, en ekki þeir, og ég einn hef ráðið öllu því verki, sem þar hefur verið framkvæmt, í samráði við húsameistara ríkisins.

Reykjavík, 12. desember 1940.

Kornelíus Sigmundsson,
múrarameisteri,

Bárugötu 11.

Fylgiskjal XV.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

18. febrúar 1941.

Ráðuneytið hefur samkvæmt beiðni yðar, herra húsameistari, gefið út í dag einkaleyfi nr. 133 yður til handa á aðferð til meðhöndlunar á útveggjum húsa og annarra mannvirkja, sérstaklega úr steinsteypu.

Ber yður að vitja leyfisbréfsins hingað og greiða lögboðin gjöld.

F. h. r.

E. u.

Páll Pálmason.

Til hr. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.